

Fundargerð 141. fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 12. júní 2023

Fundurinn var í Miklagarði á Vopnafirði og hófst hann klukkan 16:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Práinn Lárusson og Puríður Lillý Sigurðardóttir. Sæunn Stefánsdóttir tók þátt í gegnum Teams og Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi. Helgi Hlynur Ásgrímsson og Ragnar Sigurðsson boðuðu forföll í þeirra stað mættu varamennirnir Eypór Stefánsson og Þórdís Mjöll Benediktsdóttir.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Dagmar Ýr Stefánsdóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Gestur fundarins var Jóna Árný Þórðardóttir fyrrum framkvæmdastjóri Austurbrúar.

1. Fundargerð stjórnarfundar nr. 139, 140 og fundagerð ársfundar 2023. *Fundargerðir stjórnar SSA voru samþykktar og verða undirritaðar rafrænt. Fundargerð ársfundar var lögð fram til kynningar.*

2. Samningar og styrkir

- *Viðauki við samning Austurbrú 2023 við HVIN vegna ársins 2023 var kynntur. Jóna Árný kynnti samninginn. Umræður stjórnar um næstu skref varðandi nýjan samning.*
- *Úthlutun úr Tækniþróunarsjóði 2023. Framkvæmdastjóri sagði frá úthlutun úr Tækniþróunarsjóði sem Austurbrú fékk í verkefnið Lísu.*

3. Staða ýmissa verkefna og samninga

Framkvæmdastjóri sagði frá fundum sem hún sótti síðustu vikur varðandi flugmálin tengt markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar. Umræður stjórnar um næstu skref í þessu verkefni.

4. Önnur mál sem tengjast starfsemi Austurbrúar

- *Yfirfærsla á prófkúru. Ritara stjórnar falið að ganga frá pappírnum til undirritunar tengdum yfirfærslu á prófkúru til nýs framkvæmdastjóra á öllum kennitölum er tengjast starfssviði og verkefnum framkvæmdastjóra.*

Ekki fleiri mál á dagskrá, fundi slitið kl. 17:00